

AÐALHEIÐUR TÓMASDÓTTIR:

SAMHLJÓMAR NÁTTÚRUNNAR

Fyrsta kvöldið mitt á Brimilsvöllum

Ég er fædd í Tungukoti í Fróðárhreppi árið 1912 og ólst þar upp til 7 ára aldurs, en þá fluttist ég með foreldrum mínum að Bakkabúð á Brimilsvöllum í sömu sveit. Mér er sá dagur minnisstæður alla ævi síðan.

Fyrstu hljómkviðu vorsins, sem ég man eftir, heyrði ég á þessu fagra hljóða vorkvöldi, er við vorum þangað flutt. Þetta fyrsta kvöld fór ég upp á hlöðupak, því þaðan var betra útsýni yfir sjóinn og fjöruna og ég lá þar í marga tíma og naut þeirra unaðslegu samhljóma náttúrunnar, er mér bárust að eyrum. Heilluð hlustaði ég á nið bárunnar, er féll þungt að sandinum rétt fyrir neðan og á margraddaðan klið fuglanna, er þarna voru af mörgum tegundum, svo sem máfar, kriur og stelkar, en einnig heiðlour, máriuerlur, hrossagaukar o. fl. uppi á túninu.

Ég horfði á fjallahringinn. Máfahliðarfjallið blasti við í allri sinni fegurð með fossum og lækjum, sem runnu niður hliðarnar. Og túnin á Brimilsvöllum voru rennslétt af náttúrunnar hendi. Nú voru þau öll gul af sóleyjum, svo yndislegt var á að horfa.

Svo hrifin var ég af þessari fegurð og þessum fögru samhljómunum, að ég gleymdi öllu öðru, en naut stundarinnar í barnslegri gleði, þar til seint um kvöldið, að kallað var á mig til að koma inn að sofa.

Þessi staður hafði svo margt að bjóða hrifnæmu barni, eins og ég var þá og ég naut alls þessa í ríkum mæli og undi mér löngum ein, úti í dýrð náttúrunnar.

Þarna átti ég mín bernskuár með ástríðum foreldrum og í glaðværum systkinahópi. Frá þeim árum á ég margar hugljúfar minningar.

Sumt af því, sem ég ætla nú að segja frá, gerðist einmitt í þessu umhverfi.

Sykurmolarnir

Foreldrar mínir áttu heima í Bakkabúð á Brimilsvöllum á Snæfellsnesi, frá því ég var sjö ára að aldri. Bærinn stóð á sléttri flöt rétt ofan við sjávarkambinn. Stutt var til næstu bæja, þarna í Neðraplássinu svokallaða. Þarna voru bæirnir Bakkabær, Hjallabúð, Holt og Vegamót auk Bakkabúðar.

Mjög var gestkvæmt á heimili foreldra minna, og höfðu þau ánægju af að taka á móti gestum, þótt oft væri þröngt í búi og litlu að miðla, enda fátæk með stóran barnahóp. Útræði var þarna á þessum árum og lentu bátarnir rétt neðan við bæinn okkar. Sjómennirnir komu því oft heim og þáðu bita og sopa, og eins var oft um helgar þegar messað var, því nýbyggð kirkja stóð þarna skammt frá. Þá komu oft vinir og kunningjar úr sveitinni heim til okkar, og þáðu góðgerðir.

Ég ætla að segja frá minnisstæðu atviki, sem gerðist, þegar ég var tíu ára gömul.

Þetta var um kvöld í september. Eldri systur mínar tvær voru heima um þetta leyti, auk yngri systra minna.

Gesti bar að garði, sem oftar, og móðir mín og eldri systurnar voru að hita kaffi, til að bera gestunum. En nú

stóð svo á, að sykur var þrotinn og ekki var hægt úr að bæta, nema með því að fá það lánað, á einhverjum bænum. Í Hjallabúð átti heima miðaldra maður, góður granni, sem bjó vel, og átti oftast það, sem á þurfti að halda til heimilis.

Systur mínar báðu mig að fara til þessa manns, og biðja hann að lána okkur sykur til að bera gestum okkar með kaffinu.

Ég var ákaflega treg til að fara. Mér þótti alltaf svo leiðinlegt að þurfa að fá nokkuð lánað. Ég vissi líka, að sumir voru ófúsir á að lána nokkuð.

En systur mínar báðu mig því meir, og ég lét undan.

Úti var myrkur. Rigning hafði verið um daginn en nú var stytta upp. Tungl óð í skýjum. Sárnauðug fór ég af stað, og óskaði þess innilega, að ég þyrfti ekki að biðja um þetta að láni.

Einn bletturinn í túninu á milli bæjanna heitir Þríhyrna. Þegar þangað kom, stansaði ég um stund og bað algóðan guð að gefa mér sykur, svo ég þyrfti ekki að fá hann lánaðan. Ég var að eðlisfari trúuð og trúhneigð og í barnslegri einlægni minni fannst mér það alveg eðlilegt, að biðja guð og tala við guð um allt, sem olli mér áhyggjum og kvíða. Ég hafði ótakmarkað traust á mætti hans og hjálp í öllum erfiðleikum, og hefur svo verið ávalt síðan.

Að lokinni bæn minni, þarna á milli bæjanna, hélt ég för minni áfram. En ekki hafði ég gengið nema smáspöl, er ég sá glampa á eitthvað hvítt á slétttri jörðinni rétt fyrir framan mig. Ég laut niður og komst að raun um að hér var dálítill hrúga af sykurmolum. Þarna lágu þeir þurrir og hvítir í snöggu grasinu. Ég varð undrandi og þó ekki svo mjög. Hafði ég ekki rétt í þessu verið að biðja guð að gefa mér sykurmola? Var þetta ekki einmitt hans svar og hans bænheyrsla? Alls hugar fegin tíndi ég upp sykurmolana og fyllti báða lófa mína. Glöð í bragði hljóp ég heim og færði systur mínur.

Ég sagði þeim, að ég hefði fundið þá á milli bæjanna.

Þær trúðu mér, og efuðust ekki um sannsögli mína, enda aldrei reynt mig að öðru.

Vandkvæðin voru leyst, og hægt var að gefa gestunum sykurmola með kaffinu, eins og venja var til.

Atvik þetta gleymdist öllum nema mér. Í mínum huga er þetta eitt af því merkilegasta, sem ég hef reynt um ævina, og hefur verið mér sönnun um æðri hjálp, þegar vandkvæði bar að höndum, enda hef ég oft fengið slíkt að reyna síðan.

Vera kann, að fundur sykurmolanna á þessum stað, eigi sér eðlilega skýringu, en það lét ég öðrum eftir að hugleiða.

Mér verður þetta atvik ávalt sem kraftaverk, þar sem áhyggjur mínar, sem lítillar stúlku, urðu leystar með undursamlegum hætti.

Brunaslysi afstýrt

Brimilsvellir voru stórvörð á sinni tíð, stærsta jörð sveitarinnar, og hafði margar hjáleigur.

Þarna bjuggu sæmdarhjónin Kristólína Kristjánsdóttir og Ólafur Bjarnason, með miklum myndarbrag. Kristólína hafði lokið námi frá Kvennaskólanum í Reykjavík en Ólafur var búfræðingur frá Ólafsdal. Þau áttu sjö börn, voru sum þeirra komin á unglingsaldur en önnur í bernsku. Yngsta barnið var Hlíf, sem var þriggja ára, þegar sá atburður gerðist, sem hér verður sagt frá.

Ég var þá sextán ára gömul og átti enn heima í Bakka-búð hjá foreldrum mínum. Þau lánuðu mig að Brimilsvöllum þetta haust og átti ég að hjálpa húsmóðurinni við inniverkin enda mikið að gera á svo barnmörgu heimili. Þennan dag var norðan stormur og mjög hryssingslegt veður. Liðið var á dag og mál til komið að fara að útbúa kvöldverð. Húsmóðirin segir við mig á þessa leið: „Mig

syfjar svo ákaflega mikið Heiða mín, að ég ætla að leggja mig smástund og taka hana Hlíf með mér inn. Ég ætla nú að biðja þig að gæta þess að hinir krakkarnir geri mér ekki ónæði á meðan.“

Hún fór svo inn í svefnherbergið með Hlíf litlu, og leggur á eftir sér hurðina. En ég fer að útbúa kvöldmatinn. Að nokkurri stundu liðinni, þegar ég er að bæta mó á eldinn í eldavélinni, heyri ég rödd ofan við mig sem segir: „Líttu inn til hennar Línu“.

Mér þykir þetta fráleitt og mér finnst ég geta svarað henni í huganum: „Ég, sem átti að gæta þess, að enginn gerði henni ónæði. Hvernig ætti ég að geta farið inn til að vekja hana. Ég get það ekki.“

Svo held ég áfram starfi mínu. En að litilli stundu liðinni þykir mér röddin koma aftur og nú ákveðnari en fyrr: „Líttu inn til hennar“. En ég þrjóskastr við eins og áður og fer hvergi. Hvernig átti ég líka að brjóta svo á móti boðum húsmóður minnar. Þetta var gagnstætt því sem ég átti að gera. Og enn liður smástund og þó styttri en í fyrra skiptið, og þá þykir mér röddin koma enn í þriðja sinn, og segja sömu orðin: „Farðu inn til hennar“. Og nú fylgir þessum orðum svo mikil áhersla og kraftur að öll mótstaða mín hverfur. Það er eins og mér sé stjórnað af æðra afli og í hálfgerðri leiðslu fer ég að svefnherbergisdyrnum og opna hurðina hægt og gætilega og lít inn. Mér bregður meira en lítið í brún, er ég sé það, sem þar er að gerast. Lína er steinsofandi, en telpan situr uppi við hlið hennar. Hún er með í höndunum eldspýtnastokk, sem hún hefur náð úr vasa móður sinnar og er þá búin að kveikja í sænginni. Lófastórt gat er brunnið á dúnsængina, sem þær höfðu ofan á sér, og dúnninn farinn að sviðna. Allt mundi því fuðra upp eftir andartak ef ekkert yrði gert, og það án tafar. Hér má engan tíma missa. Snör handtök og rétt ákvörðun er hið eina sem verða má til bjargar. Ég hef engar vöflur á, en fleygi mér yfir þær og tekst að slökkva eldinn með lófunum.

Konan vaknar með andfælum þar, sem ég ligg þarna ofan á þeim og skilur fyrst ekki neitt í neinu, en áttar sig fljótt á því sem hér er að gerast. Hún er undrandi á því, að ég skyldi koma inn til þeirra á réttu andartaki, til að afstýra miklu slysi sem auðsjáanlega hefði annars orðið.

En ekki sagði ég henni frá orsökinni og engum sagði ég frá þeirri vitneskju eða skipun sem mér hafði borist, frá einhverri kærleiksríkri veru. Ég hélt að slíkt yrði lagt eitt-hvað einkennilega út fyrir mér, og enginn hefði heldur skilið mig.

En ég er þess fullviss, með sjálfri mér, að fyrir þessa blessaða rödd, sem gat komist að mér og aðvarað mig, hef ég orðið til að afstýra slysi og stórbruna, sem þarna hefði annars getað orðið. Því húsið var gamalt timburhús og ekkert vatn tiltækt nema úti í læk, sem var spölkorn frá bænum, og hefði að litlum notum orðið í norðanstorminum þennan dag. Ekki er að efa, að húsið hefði fuðrað upp ef eldurinn hefði á annað borð náð að breiðast út.

Oft kom ég í heimsókn til Kristólínu síðar, og fyrir kom, að hún sýndi mér dúnsængina, sem kviknað hafði í. Hún hafði stykkjað hana og notað ætíð síðan. Hún kvað það vekja sér furðu og umhugsun, að ég skyldi koma inn til hennar, einmitt á því andartaki sem háski steðjaði að, og þannig afstýra miklum voða, sem annars hefði orðið. Því þarna mátti engu muna að illa færi.

Stjarnan

Ég mun hafa verið 19 ára þegar sá atburður gerðist, sem nú verður sagt frá. Ég átti enn heima í Bakkabúð á Brimilsvöllum, hjá foreldrum mínum, en var annars farin að vera að heiman langtímum saman til að vinna fyrir mér, eins og venja var með unglunga á þeim tíma.

Þetta sumar og haust hafði ég verið fyrir sunnan, en kom heim nokkru fyrir jól.

Þá gerðist það, að ung stúlka á næsta bæ verður fyrir alvarlegu slysi.

Hún hét Hrefna og var 15 ára gömul, mesta myndar-barn og elskuleg í alla staði, dóttir hjónanna Ólafs og Kristólinu á Brimilsvöllum.

Aðdragandi þess var sá, að systurnar á Brimilsvöllum ætluðu á jólatrésskemmtun, sem haldin var í Ólafsvík á milli jóla og nýárs. Þær fóru gangandi og urðu að vaða yfir Bugsós, eins og venja var til. Í ósnum datt Hrefna og mun eitthvað hafa stungist inn í hnéð á henni. Hún fékk af þessu hastarlegar kvalir, og vanlíðan. Komst hún ekki á jólatrésskemmtunina, en var komið fyrir á heimili prests-hjónanna. Kom í ljós, að hér var um blóðeitrun að ræða, en á þeim árum voru engin ráð til að lækna slíkt. Lá hún þarna, þungt haldin.

Ég var nú fengin til að vera til aðstoðar á heimilinu, meðan svona illa stóð á, enda börnin mörg og húsmóðirin þurfti daglega út í Ólafsvík og vera meiri hluta dagsins og stundum næturnar með hjá Hrefnu dóttur sinni.

Eina nóttina dreymir mig, að ég stend á milli bæjanna á bletti, sem kallaður var Þríhyrna.

Mér þótti vera bjartur dagur. En skyndilega skellur á niðamyrkur, svo að ég verð mjög hrædd. Ég hugsa með mér: „Guð minn góður. Nú er að koma heimsendir.“

Ég stend þarna um stund og virði fyrir mér himininn. Hann er svo koldimmur. Þá sé ég stóra skæra stjörnu, og hún blikar svo fagurlega beint uppi yfir Vallabænum þar, sem veika stúlkan átti heima. Ég horfði á stjörnuna, hrifin af fegurð hennar og birtu.

Þá tek ég eftir því að hún fer að hreyfast, og hún rennur af stað í austurátt. Sé ég þá að austrið opnast allt. Þar er óumræðileg birta og dýptin svo mikil, að því verður ekki með orðum lýst. Það er eins og heill himinn dýrðar og feg-

urðar hafi opnast þarna. Og stjarnan heldur áfram og rennur inn í þessa ólýsanlegu dýrð.

Við þetta vaknaði ég.

Ég sagði við mömmu um morguninn að líklega mundi hún Hrefna deyja. Og það fór eftir. Hún andaðist þremur dögum síðar. Þá var vika liðin frá því að slysið vildi til. Hún var búin að líða mikið þennan tíma og þetta var eina lausnin.

Fjarstödd kona í draumi

I.

Helga, systir mín, og maður hennar voru suður á Mallorka. Þá dreymdi mig eina nóttina, að barið er að dýrum á svefnherbergi mínu. Ég segi: „Kom inn“ og fer um leið til dyra og lýk upp. Þarna er þá komin Helga, systir mín, og bregður mér í brún, því ég mundi eftir, að hún var suður á Mallorka.

Ég þykist segja: „Þetta máttu ekki. Þú mátt ekki koma inn.“ Og fannst mér þetta aðeins vera sál hennar, en að líkami hennar væri suður á Mallorka.

En hún segir: „Þetta er allt í lagi. Ég kem bara inn.“

Ég fylgi henni um herbergið, og ég vil ekki að neinn annar sjái hana eða hafi tal af henni. Við ræðum svo saman um stund, en ekki man ég um hvað við töluðum.

Svo segir hún allt í einu: „Jæja, ég verð nú að fara til helheima aftur.“ (Ég þykist muna þessa setningu orðrétt.) Hún fer út og ég fylgi henni eftir. Við förum saman upp á hæð, sem þarna er nærri. Mér finnst þessi hæð vera í hásuðri frá heimili mínu. Og er við komum upp á hana, þykir mér hún hefjast á loft og svífa í burtu.

Við þetta vaknaði ég.